

## Menntaskólinn á Akureyri

### Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar nr. 232 fimmtudaginn 26. september 2019 kl. 15:00.

Mætt eru: Andri Teitsson, Helga Rún Traustadóttir, Baldvin Valdimarsson, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Elva Gunnlaugsdóttir, Jón Már Héðinsson, Bjarni Guðmundsson, Anna Kristín Arnarsdóttir.

Andri setti fund og Jón Már tók fyrsta mál á dagskrá en það er um hlutverk skólanefndar. Hann vísaði í lög um framhaldsskóla frá 2008 nr. 92, 5. grein. Ákveðið að kjósa formann á næsta fundi skólanefndar.

Farið var yfir tillögur að fundartíma nefndarinnar og stefnt á að þeir verði á milli kl. 15 og 16 á miðviku- og fimmtudögum síðast í mánuði fram að áramótum. 23.10, 28.11 og 19.12.

Skólameistari gerði stutta grein fyrir fjárveitingum ríkisins til Menntaskólans á Akureyri fyrir næsta ár. Ljóst er að fyrirhuguð er lækkun á framlögum til skólans er um 83 milljónir króna eða 10% lækkun. Ekki er ljóst af hverju þessi lækkun er til komin og engin svör hafa enn fengist frá ráðuneyti um þessi mál. Einhverjar forsendur hafa breyst en mögulega lækkar launaliðurinn um 40 milljónir vegna fækkunar kennara og minni umsvifa í þriggja ára kerfinu. Verkefnið verður að fá þetta leiðrétt að hluta eða öllu leyti. Rekstur skólans nú árið 2019 ætlar að standast áætlanir. Keyptir voru þrjú dagar í haust af kennurum svo skólastarf gæti hafist á sama tíma og aðrir, nokkurn veginn.

Næsti liður varðaði húsnæðismál MA. Í vor skilaði starfshópur innan skólans skýrslu vegna nýtingu á húsnæðinu í ljósi þeirrar fækkunar sem varð á nemendum við þriggja ára kerfið. Útfærsla þeirra atriða sem þar var lagt til er að hefjast. Byrjað er á því sem kostar minnsta fjármuni en stefnt á dýrari aðgerðir nú í framhaldinu.

Undir liðnum önnur mál ræddi skólameistari breytingar sem verða á tölvudeild vegna þess að umsjónarmaður hennar heldur til trúnaðarstarfa fyrir félag framhaldsskólakennara. Ekki er enn ljóst hvaða breytingar verða á þeim málum tölvudeildar til framtíðar.

Spurt var um þjónustu til nemenda og fjarveru kennara til lengri og skemmri tíma, þá hvar væru mörk. Ekki er gert ráð fyrir forfallakennslu í framhaldsskólum.

Fleira ekki bókað og fundi slitið, Bjarni Guðmundsson ritaði fundargerð.

## Menntaskólinn á Akureyri

### Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar nr. 233 fimmtudaginn 29. nóvember kl. 15:00

Mætt eru: Ásta Pétursdóttir, Helga Rún Traustadóttir, Anna Kristín Arnarsdóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson, Andri Teitsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Baldvin Valdimarsson, Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, Jón Már Héðinsson, Arnfríður Hermannsdóttir, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir.

Formaður skólanefndar setti fund og skólameistari kynnti dagskrá.

#### 1. Innra starf

- Miðannarmat
- Vinnufundur um námsmat
- Mörsugsmissa
- Vinnuhópur um skipulag skólans
- Þjóðfundur í MA

Sigurlaug Anna sagði frá miðannarmati sem kennarar gefa nemendum í 1. og 2. bekk. Lengi vel var það aðeins gert á haustönn en hefur verið á vorönn líka í þessari námskrá. Kennarar ekki skyldugir til að gefa umsagnir en mjög margir gera það og reynist mjög gagnlegt. Matið kom frekar vel út í vetur og vonandi veit það á gott fyrir lokanámsmatið. Bent var á að gæti verið gott að nemendur í 3. bekk fengu miðannarmat líka, jafnvel þótt þau séu orðin lögráða.

Sigurlaug Anna sagði frá vinnufundi kennara sem haldinn var sl. föstudag. Árshátíð MA var um kvöldið og kennsla felld niður frá hádegi en kennarar hittust á fundum þar sem rætt var um álag á nemendur og hvernig mætti draga úr því á vorönn. Fundað var bæði í faggreinum og eftir bekkjum. Margt kom til umræðu á fundinum s.s. að gera þyrfti meiri greinarmun á símatsáföngum og prófaáföngum, hafa færri og stærri verkefni og jafnvel samþætta áfanga eða auka samstarf milli námsgreina. Fyrsta árið er töluvert samþætt og minnsta álagið þar, mætti skoða á öðrum árum. Mikilvægt að týna ekki gleðinni í náminu. Gefst tími í byrjun janúar til að vinna að þessu og undirbúa vorönn.

Mörsugsmissa: Verður 10. janúar. Aðaláhersla hennar að þessu sinni verður kynning á persónuverndarstefnu skólans og kynning á heimsmarkmiðum SP en nauðsynlegt er fyrir skólann að tengja sig við þau.

Vinnuhópur um skipulag skólans. Hafin er vinna við að skoða skipulag skólans og hvort eigi áfram að vera tvær annir á skólaárinu eða hvort annað skipulag henti betur. Þá kemur til greina heilsársáfangar, þriggja anna skipulag eða fjórar spannar. Seinni tvær hugmyndirnar snúa að því að hafa færri áfanga á önn. Skólameistari segir að stofna þurfi vinnuhóp til að skoða þetta sem taki til starfa nú í vor. Það er einnig verið að skoða brautir og námsefni þeirra. Undirbúningur að heilbrigðisbraut er hafinn og sviðslistabraut í samstarfi við Leikfélag Akureyrar.

Þjóðfundur í MA: Skólameistari segir að stefnt sé að skólafræðingum í þjóðfundarstíl á vorönn. Myndi tengjast skólabrag og skólamenningu, mögulega haldinn í kringum miðjan febrúar. Verður rætt meira á næsta fundi. Er góð leið til að leyfa fleiri röddum að heyrast.

## 2. Fjármál og rekstur

Fjármálastjóri fór yfir rekstur skólans. Eftir fyrstu 10 mánuði ársins þá er árið í mínus 26 milljónum en undir áramót mun þetta líklega enda í plús 6 milljónum, sem er væntanlega afgangur sem fluttur verður á milli ára. 2020 lítur ekki nógu vel út og 2021 enn verr. Nauðsynlegt er að fá að flytja 2019 á milli ára til að enda réttu megin við núllið 2020. 2021 verður svo í 50 milljónum í halla miðað við núverandi fjárlög og 2022 um 113 milljónir í halla. Það er hins vegar ekki búið að gera upp árið 2018 og það flækir að fá sýn á stöðu skólans. Það er ekki boðlegt í neinu rekstrarumhverfi að ráðuneytið er ekki búið að klára uppgjör fyrir 2018 og fá leyfi til að flytja á milli ára til 2019 og því ekki hægt að vita framtíðina í fjármálum nákvæmlega. Skólameistari segir skólann mjög vel rekinn og þetta séu því áskoranir sem þarf að takast á við ríkið.

## Önnur mál.

Fram kom á fundi Lundar hvað MA og VMA væru með á þróunum vegna fækkunar nemenda á upptökusvæðum skólanna og jafnframt hvernig þeir ætluðu að höfða enn frekar til nemenda af erlendum uppruna. Skólameistari segir frá væntanlegum fundi skólameistara MA og VMA um fækkun nemenda á upptökusvæði skólanna. MA hefur fáa erlenda nemendur. Nauðsynlegt að skoða samstarfið betur og styðja betur við þá í framhaldsskóla. Það eru mörg tækifæri tengd því. Fram kom að vert væri að skoða samstarf við Símeyp því þar væri reynsla af þjónustu við fólk af erlendum uppruna. Nefnt var að námsaðstoð á heimavistinni er gott sóknarfæri. Bent var á að hægt væri að nýta verkalyðshreyfinguna til að ná til fólks af erlendum uppruna.

Ásta Pétursdóttir fulltrúi í skólanefnd spurði hvernig aðstoð við nemendur sem væru að sækja um skóla erlendis væri háttað? Hún sagði af reynslu að háskólaumsóknir nemenda á 3. ári flókið mál sem þau þurfa aðstoð við. Skólameistari benti á að náms- og starfsráðgjafar leiðbeindu nemendum við umsóknir í íslenska háskóla og einnig í erlenda háskóla en þegar komið væri út í sérhæfðar umsóknir sem krefðust þýðinga á ýmsum gögnum þá sæi skólinn ekki um það. Það þarf að vera ljóst hvert er hægt að beina þeim nemendum því þeir þurfa sjálfir að greiða kostnað af sérhæfðum umsóknum.

## Fundi slitið

Fundargerð ritaði Arnfríður Hermannsdóttir

## Menntaskólinn á Akureyri

### Skólanefnd

Fundargerð skólanefndar nr. 234 fimmtudaginn 23. Janúar 2020 kl. 15:00

Mætt eru: Helga Rún Traustadóttir, Anna Kristín Arnarsdóttir, Jón Már Héðinsson, Júlíus Þór Björnsson, Ragnar Hólm Ragnarsson, Baldvin Valdimarsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Bjarni Guðmundsson.

Jón Már setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fyrsta mál á dagskrá var um fjármál og rekstur skólans. Loforð hafði verið gefið fyrir að uppsafnaður afgangur frá 2018 og 2019 af rekstri skólans mætti nota við að flytja skólaárið fram um nokkra daga, nú síðast haustið 2019. Verið er að ganga frá endanlegum rekstrartölum fyrir árið 2019 en rekstrarafgangur ætti að vera 26 milljónir en hann hefur verið millifærður af ráðuneyti af rekstrarfé MA. Enn á eftir að færa skólaárið fram um fimm daga og þarf að útvega fé til þess ef þessi ákvörðun er endanleg. Erfitt er að gera áætlanir varðandi rekstur skólalahaldsins þegar endanlegt uppgjör frá ráðuneytum kemur seint og illa.

Ragnar vék af fundi.

Næsta mál var kynning á námsgengi nemenda á haustönn 2019. Farið var í stuttu máli yfir námsárangur og mætingar. Próf gengu almennt vel, færa þurfti til eitt próf vegna veðurs og mæting í próf góð. Nú voru öll próf kl. 9<sup>º</sup> en engin eftir hádegi. Ljóst er að þrír nemendur hætta eftir próf í 1. bekk og sjö í 2. bekk .

Mest er fall í stærðfræði á raungreinasviði en það er þriðjungur nemenda þar sem nær ekki lágmarkseinkunn.

Í öðrum bekk er mikið fall í dönskuáfangu sem er hugsaður sem brú milli grunnskóla og ekki góðs gengis þar og inn í þær kröfur sem skólinn gerir um lágmarkskröfur til dönsku hér. Einnig var mikið fall í efnafræði 32% og í eðlisfræði 19% sem og stærðfræði raungreina en þar er fallið 29%.

Í þriðja bekk er lítið fall nema í stærðfræði á raungreinasvið en bak við þá tölu er aðeins tveir nemendur.

Þriðja mál var stutt kynning á Kjörsviðsbraut með áherslu á sviðslistir. Þær Marta Norðdal hjá Leikhúsinu og Vala Fannell hafa unnið með fulltrúum skólans að undirbúningi og stefnt er að því að innrita á brautina haustið 2020.

Fleira ekki bókað og fundi slitið. Fundargerð ritaði Bjarni Guðmundsson.

## Fundur skólanefndar Menntaskólans á Akureyri nr. 235

19. mars 2020 kl. 15:00

Mætt voru: Andri Teitsson, Anna Kristín Arnarsdóttir, Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, Baldvin Valdemarsson, Bjarni Guðmundsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Magnússon, Helga Rún Traustadóttir, Jón Már Héðinsson, Júlíus Þór Björnsson Waage, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Rafrænn fundur með hjálp Zoom.us.

Skólameistari bauð fundarmenn velkomna og gerði stutta grein fyrir fundarefni. Í ljósi samkomubanns og lokunar framhaldsskóla vegna veiruvandans vildi hann gera grein fyrir viðbrögðum Menntaskólans og þeim úrræðum sem stjórnendur og kennarar hafa. Samkomubannið þýðir ekki frí úr skóla og því mikilvægt að huga að dagskrá fyrir nemendur. Fyrstu fjórir dagarnir undir þessu ástandi eru nú liðnir og skólastarfið að fá á sig ákveðnari mynd. Síðastliðinn föstudag var salur með nemendum þar sem þeim var kynnt hvernig starfsfólk skólans myndi bregðast við. Seinna þann dag var stutt námskeið fyrir kennara í samskiptamiðlum sem UT-ráðgjafar stóðu fyrir. Nú hefur húsnum skólans verið skipt í svæði og samgangur starfsfólks á milli sem minnstur. Margir kennarar hafa nýtt sér tæknina til þess að vera í samskiptum við nemendur og farið hefur verið fram á að kennarar hugi að umsjónarnemendum sínum á einhvern hátt. Mun einn kennari hafa skipt umsjónarþekki niður í hópa og rætt við nemendur með hjálp tækninnar. Miðannarmati er ný lokið og reyna námsráðgjafar að fylgja þeim nemendum eftir sem komu ekki vel út úr því. Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir brottfall nemenda frá námi. Gert er ráð fyrir brautskráningu á sama tíma og áætlað var en einhverjar breytingar verða á námsmati í mörgum námsgreinum. Erlendir skiptinemar við MA eru farnir heim og nemendur skólans í skiptinámi eru óðum að tínast heim. Staða mála verður endurskoðuð eftir páska í ljósi ástandsins þá.

Nokkrar umræður urðu um fyrirhugaða útskriftarferð nemenda í vor. Skólameistari hefur verið í sambandi við ferðanefnd nemenda og lagt á það áherslu að þeir breyti ekki ferðaskipulagi til þess að hafa betri stöðu gagnvart ferðaskrifstofunni Tripical. Miklir fjármunir eru í húfi. Nemendur vilja fara en það er nær ljóst að útskriftarferðin verður ekki farin. Nemendur hafa hreyft við því að fara seinna í sumar en Jón Már hefur lagt á það áherslu að þá sé ferðin komin ú höndum skólans og skólameistara. Því var varpað fram hvort einhver gæti stutt nemendur í samskiptum við ferðaskrifstofuna.

Fleira ekki fært til bókar, fundi lauk 15:45

Fundarritari Bjarni Guðmundsson

## Fundur skólanefndar Menntaskólans á Akureyri nr. 236

30. apríl 2020 kl. 15:00

Mætt voru: Andri Teitsson, Anna Kristín Arnarsdóttir, Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Baldvin Valdemarsson, Bjarni Guðmundsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Jón Már Héðinsson, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Rafrænn fundur með hjálp Zoom.us.

Skólameistari, Jón Már Héðinsson boðaði til fundar til að upplýsa skólanefnd Menntaskólans á Akureyri hver staðan er varðandi nám og kennslu í samkomubanni, hvernig gengur og hvert framhaldið muni verða. Nú eru liðnir tveir og hálfur mánuður af samkomubanni og rafrænni kennslu auk páskaleyfis. Ljóst er að nemendur verða ekki kallaðir í skólahúsnæðið meira á þessu skólaári. Framhald verður því á rafrænni kennslu næstu tvær vikur og námsmat verður á rafrænu formi. Skólameistari hrósaði starfsfólki fyrir að hafa staðið sig vel við að aðlaga nám og kennslu að breyttu umhverfi. Mikið álag hefur verið á nemendum og starfsmönnum vegna þessa. Starfið hefur verið lausnarmiðað og ekki hægt að heyra að nemendur séu ósáttir við einstaka greinar og óhóflegt álag. Þó er talsvert álag á sumum nemendum og aðstæður þeirra til heimanáms misjafnar. Próf framundan hefjast eftir tvær vikur og verða með rafrænum hætti. Námsmati lýkur 4. júní. Gæta þarf að svigrúmi nemenda til próftöku vegna misjafnra aðstæðna. Meginreglan er að námsmat sé með sem líkustum hætti og námsáætlanir gerðu ráð fyrir í annarbyrjun.

Brotthvarf nemenda úr námi virðist ekki hafa verið mikið. Reynt er að hafa samband við nemendur sem slakað hafa of mikið á ástundun. Opnað verður fyrir stoðþjónustu eftir helgi og nemendur geta þá sótt sér aðstoð hjá námsráðgjöfum og sálfræðingi ef þurfa þykir.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa fundað með nemendum vegna dimisso eða síðasta skóladags þriðjaársnema. Ekki verður hægt að hafa hefðbundinn dag. Stefnt er að brautskráningu 17. júní og reynt verður að hafa daginn hátíðlegan og virðulegan blæ á útskrift. Mögulega þarf að skipta hópnum upp og ekki víst að gestir við brautskráningu geti verið margir. Lítið verður um hátíðarhöld á Akureyri í tilefni dagsins og aðkoma nemenda því minni að þeim en venja hefur verið. Í lok næstu viku verða þær reglur sem gilda um takmarkanir á samkomum ljósari og hægt þá að taka frekari ákvarðanir varðandi útfærslu útskriftar og fleiru sem tengist nemendum.

Ljóst er að skoða þarf hvernig til hefur tekist með kennslu í samkomubanni. Einhverjir ágallar hafa verið til dæmis vegna álags og tímasóknar auk þess að skoða þarf skipulag hjá bekkjum og námsgreinum. Vonandi verður hægt að fara yfir þessi máli í vor.

Fleira ekki bókað, fundarritari var Bjarni Guðmundsson.

## Fundur skólanefndar Menntaskólans á Akureyri nr. 237

5. júní 2020 kl. 15:00

Mætt voru: Andri Teitsson, Anna Kristín Arnarsdóttir, Álfheiður Svana Kristjánsdóttir, Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, Baldvin Valdemarsson, Bjarni Guðmundsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Helga Rún Traustadóttir, Jón Már Héðinsson, Ragnar Hólm Ragnarsson, Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Rafrænn fundur með hjálp Microsoft Teams.

Skólameistari bauð fundarfólk velkomið og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Sigurlaug Anna, aðstoðarskólameistari og prófstjóri fór yfir það helsta varðandi próftíðina sem nú er að ljúka í dag en síðustu reglulegu prófin voru á föstudaginn var. Endurtökupróf hafa svo verið í þessari viku. Próf voru öll tekin í fjarbúnaði. Nokkrar útgáfur af prófahaldi hafa verið en allar með rafrænu sniði. Heilt yfir gekk prófahald vel þótt komið hafi upp tæknihökkun nokkrum sinnum. Úr þeim rættist þó farsællega. Utanumhald próftíðar var að mörgu leyti einfaldara en í hefðbundnum staðprófum. Stóra myndin er sú að þetta gekk vel. Kennarar munu fara yfir prófafyrirkomulag og gera rafrænu kennsluna upp á fundum nú í skólalok. Skólameistari þakkaði prófstjóra fyrir gott og fúlaust utanumhald um rafrænu próftíðina.
2. Ragnar Hólm fjármálastjóri fór yfir nokkrar lykiltölur í rekstri skólans á vormánuðum 2020. Tæp 76% útgjalda eru laun, 20% húsaleiga og tæp 4% fara í annan kostnað. Rekstrartekjur þessa fjóra mánuði eru rúmar 320 milljónir en gjöldin 334,5 milljónir. Gerðir voru kjarasamningar í vor við alla starfsmenn skólans og skýrist 14 milljón króna hallinn af auknum launakostnaði. Ríkissjóður gerir ekki upp við MA fyrr en á næsta ári og viðbúið að hallatölur á rekstri verði nokkuð háar í haust því að fjármagn vegna launabreytinga kemur ekki fyrr en árið 2021. Almennt er reksturinn í góðu lagi en mikið aðhald í fjármálum skólans þarf að vera áfram.
3. Skólameistari greindi frá fyrirkomulagi brautskráningar stúdenta þann 17. júní. Höllinni verður skipt í þrjú rými og þannig rúmast 600 manns við athöfnina í byggingunni. Athöfnin hefst kl 11:00 nú í ár verður með hefðbundnum hætti nema hvað handabandi verður sleppt. Athöfninni verður streymt á neti og ljósmyndari tekur myndir af nýstúdentum við afhendingu vitnisburðar. Myndataka af hópnum verður með hefðbundnu sniði en engin formlega dagskrá um kvöldið. Til stendur að halda Dimissio daginn áður og nemendur kveðja þar kennara sína og starfsfólk skólans.
4. Skólameistari fór stuttlega yfir helstu niðurstöður úr könnun Gallup sem kallast Stofnun ársins. Þar er hugur starfsmanna til stjórnunar, líðanar, aðbúnaðar og fleira skoðaður. Að sögn skólameistara kemur könnunin vel út. Fólki kemur vel saman við samstarfsfólk og líður almennt vel. Starfsmenn eru helst óánægðir með launakjör og telja sig ekki njóta góðra kjara. Verið er að vinna í stofnanasamningi kennara við Menntaskólann og færa til betri vegar ýmis atriði sem geta haft áhrif á launasamsetningu einstakra kennara. Skólameistari telur og að það sé hlutverk stéttarfélagsins að sækja betri kjör til stjórnvalda.
5. Skólaárið verður fært fram um fimm daga nú í haust og þá verður það með sama fyrirkomulagi og í nágrannaskólum. Skoða á hvort nemendur í 1. bekk hefji skóladaginn kl. 9:00 í stað 8:15. Verið er að skoða breytingar á fyrirkomulagi anna skólaársins. Þær eru nú tvær en til athugunar er þriggja og fjögurra anna skólaár og þá sérstaklega þriggja anna kerfið. Þetta gæti þýtt breytingar á bekkjakerfinu. Reyndar sækja sumir nemendur MA vegna bekkjafyrirkomulagsins og fara verður varlega í allar

breytingar varðandi það. Væntanlega verður skipaður vinnuhópur næsta haust til þess að skoða þessi mál.

Inn á sviðslistabraut eru nú 17 nemendur forinnritaðir en innritun lýkur nú seinna í júní. Sviðslistabrautin er því að verða að veruleika og búið að ráða starfsmann til þess að leiða starf og skipulag hennar. Áhugi er hér í skóla að skoða betur kjörnámsbraut og hvort þar rúmaðist umhverfisfræði, forritun og undirbúningsnám í læknisfræði og heilbrigðisgreinum.

Spurt var um mögulegt samstarf við VMA varðandi sjúkraliðanám og heilbrigðisgreinar hér í MA. Undanfarin tvö ár hefur verið samstarf við VMA varðandi valgreinar og ætti að vera hægt að skoða þessi mál í því ljósi. Eftir þriðja árið er svigrúm til þess að bæta við sig áföngum sem vantar upp á varðandi inntökukröfur í ýmsu sérhæfðu framhaldsnámi.

Fleira ekki bókað, fundarritari var Bjarni Guðmundsson.